

Stjórn Sorpu bs.

Ár 2017, föstudaginn 9. júní, var haldinn 376. fundur stjórnar Sorpu bs. Fundurinn fór fram á skrifstofu byggðasamlagsins og hófst kl. 12.00. Mætt voru Halldór Auðar Svansson, Kolbrún G. Þorsteinsdóttir, Guðmundur Geirdal, Sturla Þorsteinsson og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, yfirverkfræðingur Bjarni Hjarðar og Guðrún Eva Jóhannesdóttir skrifstofustjóri. Bjarni Torfi Álfþórsson boðaði forföll.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á minnisblaði um stöðu í undirbúningi gas- og jarðgerðarstöðvar, en hann hefur dregist. Gert er ráð fyrir að útboð vegna hönnunar og byggingar fari fram seinnipart sumars og hafist verði handa við byggingu í febrúar á næsta ári.
2. Lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga að breytingu á texta fyrir sláturúrgang sem samþykkt var á fundi stjórnar þann 5. maí sl. en mistök urðu við innslátt:

Í flokkinn fer sláturúrgangur og dýraleifar í 3. áhættuflokki skv. reglugerð nr. 395/2012. Hér er átt við allan sláturúrgang af heilbrigðum dýrum og aðrar dýraleifar frá kjötvinnslum, mötuneytum, eldhúsum o.fl. Dúnn og fiður mega ekki fara í þennan flokk né heldur bein, beinagarðar eða stykki stærri en 60 mm. Úrgangur skal afhentur í lausu. Farmar skulu innihalda að lágmarki 20% fitu og mega ekki innihalda neina aðskotahluti.

Samþykkt.

3. Fram fer kynning á minnisblaði vegna magnaukningar og umsvifa í móttökustöð í Gufunesi. Stjórn felur framkvæmdastjóra að hefja vinnu við þarfagreiningu og forhönnun stækkunar móttökustöðvar.
4. Fram fer kynning á sölufyrirkomulag á metani
Stjórn heimilar framkvæmdastjóra að efna til lokaðs útboðs meðal söluaðila á metani.
5. Lögð fram fundargerð samráðsnefndar sorpsamlaganna á suðvesturlandi frá 11. maí sl. Jafnframt kynnt áætlað verklag við endurskoðun á svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs. Stjórn samþykkir það fyrirkomulag sem lagt er til og tekur þátt í gerð svæðisáætlunarinnar á sömu forsendum og áður
6. Fram fer kynning á kynnisferð þar sem heimsóttir voru tveir staðir þar sem unnið er úr úrgangsplasti. Jafnframt lögð fram viljayfirlýsing frá fyrirtækinu Artic Infrastructure, LLC um leigu á húsnæði og aðstöðu sem áður hýsti Efnamóttökuna hf. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.
7. Fram fer kynning á bréfi fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar vegna tímaáætlunar við vinnu vegna rekstraráætlunar 2018.
8. Lögð fram bókun umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur frá 24. maí 2017 vegna ákörðunar stjórnar Sorpu um að fela framkvæmdastjóra að hefja undirbúning að móttöku plasts frá sveitarfélögum sem safna plasti með þeirri aðferð sem undanfarið hefur verið prófuð á Seltjarnarnesi.
9. Samþykkt að hafa næsta fund 18. ágúst kl. 12.00.

Fundi slitið klukkan 14.50

Halldór Auðar Svansson

Guðmundur Geirdal
Sturla Þorsteinsson

Rósa Guðbjartsdóttir
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir